



# YFIRLIT ÁRSINS 2017

## SJÓATVIK

# YFIRLIT ÁRSINS 2017



## SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík  
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

**Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)**

**[www.rnsa.is](http://www.rnsa.is)**

*Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögnum var starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Lögin tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólsys).*

*Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsóknir samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa, sbr. 1. gr. laganna.*

## Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2017 .....	4
VETTvangur/SVÆÐI ATVIKA 2017 .....	5
BANASLYS .....	6
Banaslys frá 1971 .....	6
Rannsóknir frá 1971 .....	6
SLYS Á FÓLKI .....	7
Aðgerð skips við slys á fólki .....	7
Tegund slysa á fólki .....	7
Meðalaldur slasaðra.....	8
Stöðugildi slasaðra .....	8
SKIP – TEGUND ATVIKA .....	9
Tillögur í öryggisátt .....	10
Sérstakar ábendingar .....	11
Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2017 .....	12
Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ og RNSA 2006-2017 .....	12
Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ 2000-2016 .....	12
AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2005 – 2017 .....	13
ERLENT SAMSTARF 2017 .....	14
Námskeið erlendis.....	14
MAIIF – Alþjóðasamtök .....	14
EMAIF - Evrópusamtök.....	14
SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2017 .....	15

## NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra.

Nefndarmenn í RNSA-sjóslys voru á árinu 2017: Geirþrúður Alfreðsdóttir formaður, Ingi Tryggvason nefndarmaður, Hilmar Snorrason nefndarmaður, Pálmi Jónsson varanefndarmaður og Hjörtur Emilsson varanefndarmaður.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóslys, Jón A. Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.

## YFIRLIT ÁRSINS 2017

Tilkynnt og skráð atvik hjá RNSA-sjóslys voru samtals 136 á árinu en voru 104 árið á undan og 129 á árinu 2015.


Á árinu voru haldnir átta fundir hjá RNSA-sjóslys og voru 134 lokaskýrslur afgreiddar. Staðan um áramót var sú að afgreiðsla á sex málum hafði verið frestað til frekari vinnslu.

Lokaskýrslur, sem afgreiddar voru með nefndarálitum, voru 36 á árinu. Nefndin gerði 21 tillögu í öryggisátt í tíu málum og átta sérstakar ábendingar voru gerðar í fimm málum sem afgreidd voru. Sjá samantekt á bls. 10-11.

Um áramót átti nefndin eftir að taka fyrir 51 mál frá árinu 2017 og þrjú mál frá árinu 2016 sem höfðu dregist af ýmsum ástæðum.

Á töflunni hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin tíu ár. Einnig má sjá á töflunni meðaltal áranna á undan þ.e.a.s. frá 2007 til 2016.

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA 2007 - 2017



Slysaskrá 2017 er í heild sinni í lok yfirlitsins á bls. 15 - 18


Eins og fram kemur þá fjölgar skráðum málum á milli ára og eru um 31% fleiri á árinu 2017 en árið á undan. Árið er um 6% undir meðaltali árána á undan þ.e.a.s. 2007 – 2016. Allir málaflokkar eru undir í sama meðaltali nema þar sem skip voru dregin til hafnar af ýmsum ástæðum. Á árinu 2017 voru skráð slys á fólki um 25% undir meðaltali árána á undan.

Undir „Annað“ í töflunni eru skráð atvik eins og bilanir í búnaði, nærri því atvik eins og t.d. árekstrarhætta o.s.fr.v. Einnig er skráð undir þennan lið banaslys á kajak í Ölfúsarásum þann 29. apríl en lögreglan fór með rannsókn á því slysi.

## VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2017

Flest skráð atvik hjá RNSA eru á NV svæði eða 55, en það svæði afmarkast frá Snæfellsnesi að Siglufirði og næst flest voru á SV svæði eða 45, sem er svæðið frá Dyrhóley að Snæfellsnesi. Á kortinu sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði voru 25 atvik skráð og á SA svæði voru sjö atvik skráð.

Á erlendu hafsvæði og/eða erlendri höfn voru fjögur atvik skráð. Þrjú af þeim voru slys á fólki og eitt þar sem togveiðiskip var dregið vélarvana til hafnar.




## BANASLYS

Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á árinu 2017 og er það fjórða árið sem sú ánægjulega þróun á sér stað. Engin banaslys urðu við landið á árunum 2008, 2011 og 2014.

### Banaslys frá 1971

Til fróðleiks er hér að neðan súlurit sem sýnir þróun banaslysa frá árinu 1971. Rétt er að taka fram að erfiðlega gekk að taka saman upplýsingar um elstu atvikin og því er möguleiki á einhverjum villum.



### Rannsóknir frá 1971

Sérstakar rannsóknir á sjóslysum (1963-1965) lágu niðri þar til lög nr. 52/1970 um eftirlit með skipum voru sett og starfaði fimm manna nefnd frá 1971 til 1985 en var þá lögð niður samkvæmt lögum um siglingar.

Árið 1985 var Slysavarnarskóli sjómanna stofnaður og á árinu 1986 voru ný ákvæði um rannsóknir á sjóslysum sett í siglingalög.

Á árinu 2000 voru fyrstu heildarlögin um rannsóknir sjóslysa samþykkt og gerð sú mikilvæga breyting að þær væru algjörlega sjálfstæðar og nefndin óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Vinna samkvæmt þeim hófst í lok árs 2001.

Eins og áður hefur komið fram voru samþykkt lög um rannsókn samgönguslysa (nr. 18/2013) sem tóku gildi 1. júní 2013. Þá voru rannsóknarnefndir sjóslysa, flugslysa og umferðarslysa sameinaðar.

## SLYS Á FÓLKI


Skráð slys á fólki hjá RNSA á árinu 2017, önnur en banaslys, voru 41 en á árinu 2016 voru skráð atvik 53 og er því um að ræða fækkun slysa hjá nefndinni um 22% á milli ára.

Í eftirfarandi töflu má sjá skiptingu á slysum á fólki eftir skipategundum.

<i>Tegund skips</i>	<i>Fjöldi slysa</i>
<i>Slys á fiskibátum undir 20 BT</i>	2
<i>Slys á flutningaskípum</i>	3
<i>Slys á neta-, skel- og línubátum</i>	7
<i>Slys á nótaveiðiskípum</i>	2
<i>Slys á dráttarskípum</i>	3
<i>Slys á togveiðiskípum</i>	14
<i>Slys á vinnuskípum</i>	1
<i>Slys á rannsóknarskípum</i>	1
<i>Slys á ferjum og farþegaskípum</i>	8

### Aðgerð skips við slys á fólki

Á súluritinu hér að neðan sést við hvaða aðstæður slys á fólki voru sem skráð voru hjá RNSA.



### Tegund slysa á fólki

Algengustu slysin voru fallslys af ýmsum toga (15) og önnur slys voru m.a. við vindur, fiskvinnsluvélar, færribönd, skurðir og stungur ýmiskonar. Önnur algeng slys voru þegar menn urðu á milli og klemmdust svo sem við löndun, landfestar, sjóbúnað o.s.fr.v.


### Meðalaldur slasaðra

Meðalaldur slasaðra var 43 ár en yngsti var 18 ára og sá elsti 77 ára. Um 34% slysa á fólki (14) áttu sér stað á SV hluta landsins og 32% NA hluta (13).

### Stöðugildi slasaðra

Eins og áður þá eru undirmenn á skipum í meirihluta þeirra sem slasast en á árinu 2016 voru þeir um 46% slasaðra. Slasaðir farþegar voru á árinu um 17% af skráðum slysum.

Á línuritinu hér að neðan má sjá fjölda slasaðra sjófarenda og skiptingu þeirra eftir stöðu þeirra um borð í skipum.





## SKIP – TEGUND ATVIKA

Á töflunni má sjá skiptingu skráðra atvika hjá RNSA á tegundir skipa. Undir liðnum „Annað“ eru t.d. atvik þegar skip t.d. reykur í vélarúmi, bilanir í búnaði, nærri því atvik o.s.fr.v.

	Ásigling	Banaslys	Eldur	Leki	Sekkur	Strand	Tók niðri	Vélarbilun	Efnaslys	Annað
Brunnbátar/Vinnuskip										1
Dragnótarskip	1		1					1		
Dráttarbátar									1	
Dýpkunarskip										
Farþegaskip/ferjur	1			1		2	2	1		4
Grásleppuveiðiskip						3		4		
Handfærabátar	2		2		1			32		3
Línuveiðiskip				2				7		
Netaveiðiskip			2	1			1			2
Nótaveiðiskip									1	
Rannsóknarskip							1			
Skelfiskiskip								2		
Skemmtibátar		1		1	3	1		6		1
Togveiðiskip						1		2		

Fjórir bátar sukku á árinu en voru tveir á árinu 2016. Einn þeirra sökk vegna leka, einn vegna ásiglingar einn strandaði og einn sökk í höfn.

Ellefu atvik voru skráð þegar skip strönduðu eða tóku niðri en voru níu árið 2016, átta árið 2015, 11 árið 2014 og 2013. Eitt af þessum atvikum var sannarlega vegna þess að stjórnandi sofnaði en rannsókn sumra þessara atvika er ekki lokið.

Fjórir árekstrar/ásiglingar eru nú skráðir en var einn á árinu 2016 og voru fimm árið 2015. Fimm atvik eru skráð þar sem um eld um borð var að ræða en var aðeins eitt 2016 og sex á árinu 2015.

Fjölgun varð á árinu á skráðum atvikum þegar bátur eða skip voru dregin til hafnar vélarvana af ýmsum ástæðum. Þau eru nú 54 atvik en voru 30 atvik árið 2016 og 42 atvik árið 2015. Meðalfjöldi þessara atvika eru um 40 á ári frá 2005.

RNSA hefur fylgst náið með atvikum þar sem vélarbilanir eiga sér stað vegna þess lærdóms sem sannarlega má af þeim draga. Undanfarin ár hafa flest atvikin verið hjá strandveiðibátum en á árinu voru skráð 30 slík atvik en voru 20 á árinu 2016.

## Tillögur í öryggisátt

Eins og fram hefur komið þá gerði nefndin 21 tillögur í öryggisátt í tíu málum. Tillögurnar eru eftirfarandi:

- Að þegar verði hafin endurskoðun á reglum um losunar- og sjósetningarbúnað um borð í íslenskum skipum og heildarúttekt á þeim búnaði sem er í notkun í dag. Þar verði skoðað sérstaklega hvort núverandi búnaður sé að skila björgunarförum á þann hátt sem til er ætlast. Nefndin telur nauðsynlegt að búnaðurinn sé þannig gerður að gúmmíbjörgunarbátar losni frá skipum ef þeim hvolfir óháð stærð þeirra.
- Að gert verði skylt að vera með viðvörðun um sjósöfnun í lestum fiskiskipa.
- Að tryggt verði að samþykkt stöðugleikagögn sýni með skýrum hætti hver leyfileg hámarklestun skipsins er og að hleðslumerki sé sett á öll fiskiskip í samræmi við það.
- Að þegar verði gerð úttekt á því hvort fiskiskip séu með fríborðshleðslumerki og þeim við haldið.
- Að standa fyrir eflingu fræðslu um stöðugleika fiskiskipa til starfandi sjómanna með áherslu á þá hættu sem stafar af ofhleðslu skipa.
- Að hlutast til um herferð til að efla hlustvörslu skipstjórnarmanna á rás 16 og notkun tveggja rása vöktunar (Dual watch).
- Að vegna óáreiðanleika AIS tækja, af B gerð, verði gerð krafa um að öll skip séu búin AIS A tækjum til að tryggja aukið öryggi sjófarenda.
- Að farið verði eftir tilmælum IMO númer A.917 um sjálfvirk auðkenningakerfi (AIS) og sjómenn upplýstir um virkni kerfisins. Að tryggt verði að við nafnabreytingar á skipum verði viðeigandi leiðréttingar gerðar í AIS tækjum þeirra.
- Að efla eftirlit með faggildum skoðunarstofum sem eru með leyfi til að skoða íslensk fiskiskip í umboði hennar og að löggildingar verði þegar krafist fyrir sérhæfðan prófunarbúnað þessa aðila.
- Að krafa verði gerð um merkingar á Berwyn sleppiloka um virkni hans og gildistíma.
- Að það verði afdráttarlaust gert refsivert að ofhlaða fiskiskip og eftirlit með því tryggt.
- Að siglingalögum verði breytt þannig að eigendum og váttryggingafélögum fiskiskipa verði gert skylt að taka upp flök skipa sem sökva nema sýnt sé fram á að slíkt sé ógerlegt.
- Nefndin beinir því til ráðuneytis samgöngumála að tafarlaust verði viðauka II í reglugerð nr. 175/2008, um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, tekinn til endurskoðunar. Við endurskoðun þessa verði tryggt að eftirlit og viðhald vélbúnaðar skipa verði með fullnægjandi hætti.
- Nefndin beinir því til ráðuneytis samgöngumála að settar verði reglur sem skylda sjómenn að nota björgunarvesti við vinnu á opnu þilfari sem og að reglur um búnað til björgunar manna úr sjó nái einnig til skipa undir 15 m.
- Nefndin leggur til að reglur verði settar um reykjöfunarbúnað í gömlum farþegaskipum undir 24 metrum að lengd.
- Nefndin leggur til að útgerð skipsins geri skipstjórum skylt að sigla fyrirfram merktar og öruggar siglingaleiðir á þessu svæði til að tryggja öryggi skipa sinna.
- Í málum sem nefndin hefur haft til rannsóknar í tengslum við farþegaflutninga hefur ítrekað komið fram hjá skipstjórnendum að öryggismönnun sé undir lágmarki þegar hættuástand skapast. Nefndin leggur því til við Samgöngustofu að þegar verði endurskoðaðar forsendur fyrir mönnun farþegaskipa.

- Nefndin beinir því til Samgöngustofu að þegar í stað verði gerð úttekt á björgunarbúningum úr Neopren efni með áfestum fingravettlingum þar sem ítrekað hafa komið upp vandamál við að komast í þá.
- Nefndin beinir því til Samgöngustofu að reglur um viðurkenndan neyðarstöðvunarbúnað verði settar fyrir fiskiskip undir 15 m í lengd í samræmi við reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa.
- Í ljósi tíðra slysa um borð í RIB bátum, sem notaðir eru í atvinnuskyni, leggur nefndin til við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti að settar verði reglur um fjaðrandi sæti fyrir farþega þeirra.

## Sérstakar ábendingar

Nefndin gerði átta eftirfarandi sérstakar ábendingar í fimm málum sem afgreidd voru.

- Nefndin beinir því til samstarfsaðila á sviði vöktunar og viðbragðs að beita sér fyrir því að stafræna valkallskerfið (DSC) verði eflt og kanna möguleika á því að koma textaskilaboðum í farsíma sjófarenda á ákveðnum svæðum.
- Nefndin beinir því til þeirra aðila sem annast kennslu og fræðslu til sjómanna um fjarskipti og öryggismál að leggja ríka áherslu á skyldu þeirra til hlustvörslu á VHF rás 16 og notkun tveggja rása vöktunar (Dual Watch).
- Nefndin bendir útgerðaraðilum og sjómönnum á mikilvægi þess að farið sé eftir öryggisreglum.
- Nefndin telur ámælisvert að skoðunarstofa hafi ekki gert athugasemd við frágang á þessum fjórum fiskiopum sem var ekki í samræmi við gildandi reglur. Lestaropum var ekki lokað með vatnspéttum hlerum og karmhæð of lítil. Nefndin telur nauðsynlegt að eftirlit með skoðunarstofum verði bætt.
- Að skráningakerfi um fjölda farþega, samkvæmt reglum þar um, verði tekið upp strax.
- Að endurskoðun verði gerð á fjölda í áhöfn að teknu tilliti til öryggi skips, áhafnar og farþega.
- Að fjarskiptabúnaður milli áhafnar innan skips sem utan verði lagfærður.
- Vegna tíðra atvika af þessum toga vill nefndin benda sjómönnum á grein eftir Guðmund Einarsson sem ber heitið „Fróðleikur Örverur í brennsluolíu“ á eftirfarandi vefslóð:  
<http://notendur.snerpa.is/gudmund/bakteriur1.html>




## Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2017

Samkvæmt upplýsingum frá SÍ voru 134 slys á sjómönnum skráð á árinu 2017 en voru 213 á árinu 2016. Um er að ræða um 37% fækkun miðað við árið á undan og er um 52% undir meðaltali áruna 2006 til 2016.

### Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ og RNSA 2006-2017

Á súluritinu hér að neðan er fjöldi skráninga hjá SÍ og RNSA á árunum 2006-2017.



Skráð slys á sjómönnum og rannsókuð hjá RNSA á árinu 2017 verður hlutfallslega um 31% en var um 25% á árinu áður. Meðaltal rannsakaðra slysa á sjómönnum frá því að ný lög tóku gildi árið 2000 til loka árs 2017 er um 22%.

### Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ 2000-2016


Þróun í þessum efnum hefur verið mjög jákvæð undanfarið ár en frá árinu 2000, þegar ný lög og nýjar áherslur urðu til við rannsóknir á sjóslysum, hefur tilkynntum slysum fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynnta slysa á sjómönnum til SÍ á árunum 2000 – 2016 eru um 296 og eru slys á árinu 2017 talsvert undir því meðaltali.

Tilkynnt slys á sjómönnum frá árinu 2000 – 2016 til Tryggingastofnunar Íslands og síðan Sjúkratrygginga Íslands eru samtals 5.167.

RNSA telur ástæðu til að nefna það að margar útgerðir í landinu hafa tileinkað sér og innleitt öryggiskerfi um borð í skipum sínum sem hafa borið mikinn árangur. Það er einnig ljóst að Slysavarnaskóli sjómanna á sinn hlut í auknum árangri í öryggismálum um borð í íslenskum skipum.

## AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2005 – 2017

RNSA hefur frá árinu 2005 flokkað hvaðan tilkynningar á atvikum koma til umfjöllunar hjá nefndinni og er fróðlegt að sjá á súluritinu hvernig þróunin hefur verið á þessum árum til tengdara aðila.



Hlutfall upplýsinga um atvik sem fengnar eru úr fjölmíðlum er nú um 10% en var 55% þegar mest var árið 2007. Tilkynningar frá aðilum sem tengjast sjávarútvegnum þ.e.a.s. Vaktstöð siglinga, útgerðum, skipstjórum og slösuðum er nú um 80% en var 17% á árinu 2007.

Á árinu 2017 voru tilkynningar til RNSA um 52% frá Vaktstöð siglinga, um 14% frá skipstjórum og um 15% frá lögregluembættum landsins.

Þetta er ánægjuleg þróun en nefndin hefur markvisst hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til RNSA. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.

Í ljósi þróunar undanfarin ár virðist sem skilningur aðila í sjávarútvegi sé að aukast á mikilvægi skráninga hjá RNSA.

## ERLENT SAMSTARF 2017

### Námskeið erlendis

Starfsmaður fór í desember á færninámskeið í rannsóknum sjóslysa (*Accident Investigation Core Skills Course*) sem skipulagt var af EMSA (*European Maritime Safety Agency*) í Lissabon.

### MAIIF – Alþjóðasamtök

Farið var á árlega ráðstefnu hjá samtökunum **MAIIF 26** (*Marine Accident Investigators International Forum*) sem haldin var í Rotorua á Nýja Sjálandi dagana 5. – 10. nóvember. Á ráðstefnum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða rannsóknir sjóslysa.



*MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: [www.maiif.org](http://www.maiif.org)*

### EMAIF - Evrópusamtök

Á árinu var einnig sóttur árlegur fundur hjá **EMAIF 12** (*European Marine Accident Investigators International Forum*) í Stokkhólmi í Svíþjóð dagana 15. – 17. maí. Á þessum fundi var m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis innan Evrópu á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varðar rannsóknir sjóslysa.

*EMAIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF og voru stofnuð í Helsinki 2005.*

## SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2017

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá RNSA 136 árið 2017 en þar af gerðust sex þeirra á árinu 2016. Öll atvik sem berast RNSA eru skráð, flokkuð og hægt að sjá þau á vef nefndarinnar, [www.rnsa.is](http://www.rnsa.is).

Eftirfarandi tafla sýnir öll mál RNSA –sjóslys- sem voru skráð á árinu 2017 og er þeim raðað eftir dagsetningu viðkomandi atviks. Um er að ræða grófa flokkun á atvikum því t.d. í þeim tilfellum þegar merkt er að skip sé vélarvana er það ekki einungis vegna bilunar í vélbúnaði.

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
29.sep.16	Gnúpur GK 11	Slys á fólki	1.141	Frystitogari
3.okt.16	Huginn VE 55	Slys á fólki	2.392	Togveiðiskip
11.nóv.16	Herjólfur	Slys á fólki	3.354	Ferja
12.des.16	Valdimar GK 195	Slys á fólki	590	Línuveiðiskip
24.des.16	Lagarfoss	Slys á fólki	10.106	Flutningaskip
29.des.16	Herjólfur	Annað atvik	3.354	Ferja
2.jan.17	Nonni Hebba BA	Annað atvik	41	Vinnuskip
6.jan.17	Rán SH 307	Vélarvana	6	Línuveiðiskip
13.jan.17	Björg Hauks ÍS 33	Vélarvana	8	Línuveiðiskip
21.jan.17	Brúarfoss	Slys á fólki	7.676	Flutningaskip
28.jan.17	Dettifoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
13.feb.17	Bjarnarnes ÍS 75	Vélarvana	9	Farþegaskip
14.feb.17	Hafsúlan	Annað atvik	169	Farþegaskip
15.feb.17	Hjördís HU 16	Leki	10	Línuveiðiskip
15.feb.17	Kristín ÓF 49	Vélarvana	9	Grásleppuveiðiskip
20.feb.17	Hákon EA 148	Slys á fólki	3.003	Nótaveiðiskip
4.mar.17	Þytur SK 18	Sekkur - leki	6	Handfærabátur
6.mar.17	Helga Sæm ÞH 70	Vélarvana	6	Handfærabátur
7.mar.17	Víkingur AK 100	Slys á fólki	3.671	Nótaveiðiskip
7.mar.17	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Ferskfisktogari
13.mar.17	Leynir	Slys á fólki	42	Dráttarbátur
16.mar.17	Sæljós GK 2	Leki	26	Netaveiðiskip
17.mar.17	Sighvatur GK 57	Slys á fólki	436	Línuveiðiskip
18.mar.17	Gullberg VE 292	Slys á fólki	600	Togveiðiskip
29.mar.17	Sæbjörn ÍS 121	Vélarvana	21	Skelfiskskip
1.apr.17	Farsæll SH 30	Slys á fólki	237	Togveiðiskip
3.apr.17	Leiftur SK 136	Vélarvana	9	Grásleppuveiðiskip
8.apr.17	Bobby 22	Sekkur	5	Skemmtibátur
17.apr.17	Freygerður ÓF 128	Vélarvana	5	Grásleppuveiðiskip

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
19.apr.17	Sæfari SK 100	Slys á fólki	5	Grásleppuveiðiskip
23.apr.17	Pórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Ferskfisktogari
28.apr.17	Gúmmibátur	Annað atvik	0	Skemmtibátur
29.apr.17	Kajak	Banaslys	0	Skemmtibátur
6.maí.17	Lukka ÓF 57	Vélarvana	14	Línuveiðiskip
8.maí.17	Hugrún GK 70	Vélarvana	5	Handfærabátur
9.maí.17	Sigurey ST 22	Strandar	15	Grásleppuveiðiskip
11.maí.17	Sturlaugur H Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
15.maí.17	Jóhanna ÁR 206	Ásigling	212	Dragnótaskip
15.maí.17	Maró SK 33	Vélarvana	9	Handfærabátur
15.maí.17	Kvika KE 4	Vélarvana	4	Handfærabátur
15.maí.17	Sæfugl ÍS 879	Vélarvana	9	Handfærabátur
16.maí.17	Svalur EA 124	Vélarvana	6	Handfærabátur
16.maí.17	Fönix SH 3	Ásigling	5	Handfærabátur
18.maí.17	Lilja	Slys á fólki	229	Farþegaskip
18.maí.17	Jökull NS 73	Eldur um borð	4	Handfærabátur
21.maí.17	Dagur SK 17	Vélarvana	363	Skelfiskskip
21.maí.17	Hrafn GK 111	Slys á fólki	601	Línuveiðiskip
22.maí.17	Háfur AK 50	Vélarvana	2	Handfærabátur
23.maí.17	Núpur HF 56	Vélarvana	4	Handfærabátur
24.maí.17	Mardís SU 64	Vélarvana	7	Handfærabátur
24.maí.17	Haukur	Slys á fólki	20	Farþegaskip
25.maí.17	Lukka EA 777	Vélarvana	3	Handfærabátur
26.maí.17	Bobby 3	Vélarvana	5	Skemmtibátur
27.maí.17	Kristín ÍS 141	Leki	24	Línuveiðiskip
30.maí.17	Hafþór SU 144	Slys á fólki	5	Grásleppuveiðiskip
1.jún.17	Steini Sigvalda GK 526	Eldur um borð	233	Netaveiðiskip
4.jún.17	Þjótur	Slys á fólki	25	Dráttarbatúur
4.jún.17	Langvía ÍS 416	Sekkur í höfn	3	Skemmtibátur
6.jún.17	Vala HF 5	Strandar	9	Grásleppuveiðiskip
7.jún.17	Svanur KE 77	Vélarvana	66	Dragnótaskip
9.jún.17	Doddi SH 222	Vélarvana	4	Skemmtibátur
12.jún.17	Brynjar KE 127	Vélarvana	8	Handfærabátur
13.jún.17	Brá ÍS 106	Vélarvana	9	Handfærabátur
13.jún.17	Sóla GK 36	Vélarvana	3	Handfærabátur
14.jún.17	Glódís AK 99	Vélarvana	5	Handfærabátur
14.jún.17	Sigrún ÍS 37	Vélarvana	5	Handfærabátur
14.jún.17	Birta SU 36	Vélarvana	3	Handfærabátur
14.jún.17	Valur ST 43 / Freyr ST 111	Annað atvik	6	Handfærabátur
14.jún.17	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
15.jún.17	Laxi RE 66	Ásigling	4	Handfærabátur
18.jún.17	Baldur	Tók niðri	73	Rannsóknarskip
18.jún.17	Pórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Togveiðiskip
19.jún.17	Jóka SU 5	Vélarvana	5	Handfærabátur



Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
19.jún.17	Kristín ÓF 49	Vélarvana	9	Handfærabátur
19.jún.17	Kópur HF 29	Vélarvana	6	Handfærabátur
20.jún.17	Sæmundur Fróði RE 32	Vélarvana	8	Skemmtibátur
21.jún.17	Þruma	Slys á fólki	11	Farþegaskip
23.jún.17	Harpa	Tók niðri	72	Farþegaskip
24.jún.17	Barði NK 120	Slys á fólki	1.166	Togveiðiskip
25.jún.17	Faney ÞH 30 / Sigrún Hönn ÞH 36	Ásigling	22	Farþegaskip
3.júl.17	Sæfari GK 89	Vélarvana	6	Handfærabátur
10.júl.17	Arney SH 162	Annað atvik	8	Handfærabátur
12.júl.17	Öngull ÍS 93	Vélarvana	4	Handfærabátur
12.júl.17	Kristín AK 30	Vélarvana	5	Handfærabátur
12.júl.17	Mávur BA 311	Vélarvana	6	Handfærabátur
15.júl.17	Amma Helga RIB	Slys á fólki	18	Farþegaskip
20.júl.17	Grímsnes GK 555	Tók niðri	277	Netaveiðiskip
21.júl.17	Mars HU 41	Strandar	8	Grásleppuveiðiskip
25.júl.17	Maró SK 33	Vélarvana	9	Handfærabátur
31.júl.17	Magni	Slys á fólki	141	Dráttarbatúur
1.ágú.17	Jóhanna	Strandar	?	Skemmtibátur
2.ágú.17	Herjólfur / Arnarfell	Annað atvik	3.354	Ferja
3.ágú.17	Amma Lillý BA 55	Vélarvana	5	Handfærabátur
3.ágú.17	Mýrarfell SU 136	Vélarvana	5	Handfærabátur
5.ágú.17	Hekla	Vélarvana	?	Skemmtibátur
8.ágú.17	Kalli Elínar ÍS 149	Vélarvana	5	Handfærabátur
12.ágú.17	Bobby 5	Vélarvana	5	Skemmtibátur
12.ágú.17	Mangi SH 616	Vélarvana	6	Grásleppuveiðiskip
12.ágú.17	Diplómat II RIB	Slys á fólki	11	Farþegaskip
13.ágú.17	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
14.ágú.17	Glódís AK 99	Vélarvana	5	Handfærabátur
14.ágú.17	Litla Líf ÍS 147	Vélarvana	4	Handfærabátur
14.ágú.17	Alfa SI 65	Annað atvik	4	Handfærabátur
14.ágú.17	Grindjani GK 169	Vélarvana	6	Handfærabátur
18.ágú.17	Gulltoppur	Leki	71	Farþegaskip
19.ágú.17	Þórsnes SH 109	Slys á fólki	880	Netaveiðiskip
24.ágú.17	Blængur NK 125	Slys á fólki	1.723	Frystitogari
27.ágú.17	Faldur	Slys á fólki	26	Farþegaskip
28.ágú.17	Egill ÍS 77	Eldur um borð	70	Dragnótaskip
29.ágú.17	Eyjólfur Ólafsson HU 100	Eldur um borð	8	Handfærabátur
30.ágú.17	María ÍS 777	Annað atvik	4	Handfærabátur
10.sep.17	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
15.sep.17	Skrúður	Strandar	33	Farþegaskip
18.sep.17	Móri	Leki	3	Skemmtibátur
20.sep.17	Bjargey ÍS 41	Annað atvik	14	Togveiðiskip
27.sep.17	Bjarni Sæmundsson RE 30	Slys á fólki	822	Rannsóknarskip

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
30.sep.17	Gullhólmi SH 201	Vélarvana	30	Línuveiðiskip
3.okt.17	Indriði Kristins BA 751	Vélarvana	21	Línuveiðiskip
18.okt.17	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
20.okt.17	Herjólfur	Tók niðri	3.354	Ferja
21.okt.17	Sindri VE 60	Strandar	849	Togveiðiskip
21.okt.17	Eldey	Slys á fólki	299	Farþegaskip
27.okt.17	Örfirisey RE 4	Vélarvana	1.845	Togveiðiskip
31.okt.17	Tjaldur SH 270	Slys á fólki	206	Línuveiðiskip
4.nóv.17	Neisti SU 5	Annað atvik	17	Netaveiðiskip
7.nóv.17	Ása BA	Slys á fólki	42	Brunnbátur
8.nóv.17	Arcpath	Vélarvana	7	Skemmtibátur
9.nóv.17	Sigrún ÍS 37	Annað atvik	5	Handfærabátur
9.nóv.17	Eldey / Brimnes RE 27	Annað atvik		Farþegaskip
11.nóv.17	Ásmundur SK 123	Vélarvana	6	Línuveiðiskip
12.nóv.17	Sólrún EA 151	Eldur um borð	27	Netaveiðiskip
1.des.17	Sleipnir VE 83	Annað atvik	349	Netaveiðiskip
12.des.17	Drangavík VE 80	Slys á fólki	356	Togveiðiskip
17.des.17	Drangavík VE 80	Slys á fólki	356	Togveiðiskip
27.des.17	Austri	Strandar	6	Farþegaskip
28.des.17	Kári SH 78	Vélarvana	11	Línuveiðiskip



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík  
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is